

LANDSRÉTTUR

Úrskurður mánudaginn 20. apríl 2026.

Mál nr. 225/2026:

Barnavernd Reykjavíkur

(Dagmar Arnardóttir lögmaður)

gegn

A

(Oddgeir Einarsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Barnavernd. Dómkvaðning matsmanns.

Útdráttur

Ágreiningur málsaðila laut að úrskurði héraðsdóms þar sem fallist var á kröfu A um að dómkvaddur yrði matsmaður til að leggja mat á forsjárhæfni hennar og atriði því tengd. Í úrskurði Landsréttar kom fram að umtalsvert magn gagna af ýmsum toga lægi fyrir í málinu, þar á meðal nýleg og ítarleg matsgerð um forsjárhæfni A. Umræddrar matsgerðar hefði verið aflað með samþykki og þátttöku A, og ekkert haldbært hefði komið fram sem gæfi til kynna að breytingar hefðu orðið á högum A sem röskuðu grundvelli matsins. Einnig var litið til þess að við efnislega úrlausn málsins myndi sitja í dómi sérfróður meðdómandi, auk þess sem A ætti þess kost að koma fyrir dóm til skýrslugjafar, óska eftir skýrslutökum og leggja fram frekari gögn til stuðnings málatilbúnaði sínum. Að lokum væri til þess að líta að málið sætti flýtimeðferð samkvæmt 53. gr. b barnaverndarlaga nr. 80/2002, og að B, sonur A, hefði ríka hagsmuni af því að niðurstaða fengist í málinu sem fyrst. Var hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og beiðni A um dómkvaðningu matsmanns hafnað.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 19. mars 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 31. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 2026 í málinu nr. E-7506/2025 þar sem fallist var á beiðni varnaraðila um dómkvaðningu matsmanns. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að beiðni varnaraðila um dómkvaðningu matsmanns verði hafnað.

- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Niðurstaða

- 4 Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði hafa málefni varnaraðila og sonar hennar, B, verið til meðferðar hjá sóknaraðila í tæpan áratug eða frá því skömmu eftir að drengurinn náði tveggja ára aldri. Afskipti barnaverndaryfirvalda byggjast meðal annars á áhyggjum varðandi líkamlegt ofbeldi varnaraðila í garð drengsins, vanrækslu og takmarkað innsæi hennar í þarfir hans. Í málinu liggur fyrir umtalsvert magn gagna af ýmsum toga en þeirra á meðal er ítarleg matsgerð 20. október 2025 um forsjárhæfni varnaraðila, sbr. 1. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- 5 Ágreiningur málsaðila í þessum þætti málsins, sem sóknaraðili hefur höfðað á hendur varnaraðila til forsjárviptingar, lýtur að beiðni varnaraðila um dómkvaðningu matsmanns til að leggja mat á atriði er tengjast forsjárhæfni hennar.
- 6 Samkvæmt 53. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 gilda lög nr. 91/1991 við meðferð forsjárviptingarmála fyrir dómi en samkvæmt 1. mgr. 46. gr. síðarnefndu laganna eiga aðilar rétt á því að afla þeirra sönnunargagna sem þeir telja málstað sínum til framdráttar. Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði er það almennt hvorki á valdi gagnaðila né dómstóla að takmarka þann rétt. Sá réttur er þó ekki án undantekninga en samkvæmt 3. mgr. 46. gr. sömu laga getur dómari meinað aðila um sönnunarfærslu ef hann telur bersýnilegt að atriði sem aðili vill sanna skipti ekki máli eða að gagnið sem hann vill afla sé tilgangslaust til sönnunar. Auk þess kann þessi réttur málsaðila að markast af sjónarmiðum um hraða málsmeðferð, svo sem þeim er búa að baki hinni lögbundnu flýtimeðferð sem dómsmál til forsjárviptingar sæta samkvæmt 53. gr. b barnaverndarlaga.
- 7 Eins og nefnt er að framan liggur fyrir nýleg matsgerð sérfræðings á forsjárhæfni varnaraðila 20. október 2025, sem sóknaraðili lagði fram við þingfestingu málsins. Í málinu hefur varnaraðili á hinn bóginn byggt á því að matsgerðin sé haldin ýmsum annmörkum og að hallað hafi á varnaraðila við vinnslu matsins. Í því tilliti vísar varnaraðili til þess að matsins hafi verið aflað einhliða og varnaraðila hafi ekki verið unnt að hafa áhrif á vinnslu matsins, svo sem með gagnaframlagningu eða með því að hafa áhrif á matsspurningar. Þá vísar varnaraðili til þess að matsmaður viðurkenni að matið sé háð takmörkunum en í matsgerðinni fjallar matsmaður um að menningarlegir og tungumálþættir setji forsjármálinu ákveðnar takmarkanir.
- 8 Varnaraðili aflaði ofangreindrar matsgerðar í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga um að mál skuli nægjanlega upplýst áður en barnaverndarþjónusta höfðar mál til sviptingar forsjár. Fyrir liggur að varnaraðili samþykkti að matið yrði unnið og tók þátt í gerð þess með þátttöku í fjórum viðtölum. Ber að virða matsgerðina í þessu ljósi þegar lagt er mat á hvort umbeðin dómkvaðning matsmanns sé tilgangslaus, sbr. dóm Hæstaréttar 26. júní 2017 í máli nr. 396/2017, auk þess sem

ekki verður fallist á röksemdir varnaraðila um að álitserðarinnar hafi verið einhliða aflað og án aðkomu hennar þannig að það raski grundvelli matsins. Er einnig til þess að líta í þessu samhengi að við meðferð málsins hjá sóknaraðila var hann bundinn af reglum stjórnisýsluréttar, sbr. meðal annars 41. gr. barnaverndarlaga og 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

- 9 Með vísan til þessa verður ekki fallist á að varnaraðili hafi sýnt fram á að umrædd matsgerð sé haldin slíkum annmörkum að undirbyggt geti rétt hans til öflunar matsgerðar dómkvaddis matsmanns, sem að öllu verulegu leyti er ætlað að leggja mat á sömu eða svipuð atriði og metin voru í margnefndri matsgerð. Þá þykir ekkert haldbært komið fram er gefur til kynna að slíkar breytingar hafi orðið á aðstæðum varnaraðila að það raski grundvelli framangreindrar matsgerðar.
- 10 Aðrar athugasemdir varnaraðila, er snúa að efni matsgerðarinnar, hafa ekki áhrif á niðurstöðuna að þessu leyti en í því tilliti verður að horfa til þess að við efnislega úrlausn málsins mun í dómi sitja sérfróður meðdómandi, sbr. 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga. Þá mun varnaraðili eiga þess kost að koma fyrir dóm til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins, óska eftir skýrslutökum og leggja fram frekari göng til stuðnings málatilbúnaði sínum.
- 11 Að lokum ber að leggja áherslu á, svo sem áður er nefnt, að samkvæmt 53. gr. b barnaverndarlaga sætir málið lögbundinni flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga nr. 91/1991. Að baki ákvæðinu býr meðal annars það sjónarmið að hagsmunir barna standi til þess að mál af þeim toga sem ákvæðið varðar fái skjóta úrlausn. Ber sérstaklega að veða slík sjónarmið í samhengi við aldur sonar varnaraðila, sem er nú á tólfta ári, og hefur ríka hagsmuni af því að niðurstaða fáiast í málið sem fyrst. Slík nálgun samræmist jafnframt þeirri meginreglu laga að við úrlausn málsins beri í hvívetna að líta til þess sem er barni fyrir bestu.
- 12 Með vísan til alls þessa ber með vísun til 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 að hafna beiðni varnaraðila um dómkvaðningu matsmanns og fella hinn kærða úrskurð úr gildi.
- 13 Kærumálskostnaður verður ekki úrskurðaður en um gjafsóknarkostnað varnaraðila fer eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Hafnað er beiðni varnaraðila, A, um dómkvaðningu matsmanns.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður varnaraðila fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hennar, Oddgeirs Einarssonar, 250.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 2026.

1. Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. febrúar 2026, var höfðað með réttarstefnu útgefinni 22. desember 2025 og þingfestri 29. s.m. Stefnandi er Reykjavíkurborg, Ráðhúsi Reykjavíkur, vegna Barnaverndar Reykjavíkur. Stefnanda er A, kt. [...].
2. Dómkröfur stefnanda eru að stefnda, A, verði svipt forsjá sonar síns, B, [...], sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
3. Stefnanda krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda líkt og málið væri eigi gjafsóknarmál.
4. Málið sætir flýtimeðferð samkvæmt 53. gr. b í barnaverndarlögum.
5. Í þessum þætti málsins deila aðilar um kröfu stefndu um dómkvaðningu matsmanns. Í þinghaldi 24. febrúar 2026 var af hálfu stefndu lögð fram beiðni, dags. sama dag, um dómkvaðningu matsmanns. Í sama þinghaldi var beiðninni mótmælt af hálfu stefnanda. Var málinu þá frestað til munnlegs málflutnings um ágreining málsaðila varðandi framkomna matsbeiðni. Málflutningur þar að lútandi fór fram 26. febrúar 2026 og var málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

Helstu málsatvik

6. Mál þetta varðar stefndu, [...] ára konu af [...] uppruna sem búið hefur á Íslandi frá árinu [...], og 11 ára gamlan son hennar. Mál er varða drenginn, sem og stefndu, hafa verið til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur með hléum allt frá því drengurinn var tveggja ára gamall vegna áhyggna af líkamlegu ofbeldi og vanrækslu af hálfu stefndu gagnvart drengnum, sem og takmörkuðu innsæi hennar í þarfir hans. Frá júlí 2016 hafa Barnavernd Reykjavíkur borist 13 tilkynningar vegna drengsins, þar af átta vegna vanrækslu, fjórar vegna ofbeldis af hálfu stefndu og ein vegna áhættuhegðunar drengsins sökum slakrar skólasóknar. Ýmsum úrræðum hefur verið beitt, sem ætlað hefur verið að stuðla að bættri uppeldis- og forsjárhæfni stefndu. Fyrsta meðferðaráætlunin samkvæmt 23. barnaverndarlaga nr. 80/2002 var gerð í nóvember 2016 og dvöldu stefnda og drengurinn á grundvelli þeirrar áætlunar um skeið í greiningar- og kennsluvistun á vistheimili. Á grundvelli þriggja meðferðaráætlana sem gerðar voru í lok árs 2023 og á árinu 2024 hefur stefndu verið veitt svokölluð PMTO-ráðgjöf (Parent Management Training) inn á heimilið og tvisvar sinnum hefur hún fengið uppeldisstuðning inn á heimilið frá Ylfu, nærþjónustu og ráðgjöf, auk þess sem stefnda dvaldi ásamt syni sínum í greiningar- og leiðbeiningarvistun á Mánabergi frá 2. nóvember 2024 til 13. janúar 2025. Enn fremur hefur drengnum verið veitt sálfræðiaðstoð og óboðað eftirlit farið fram á heimili stefndu.
7. Á meðferðarfundi 2. apríl 2025 kom fram að það væri mat starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur að sá stuðningur, sem reyndur hefði verið til að bæta uppeldisfærni stefndu og koma í veg fyrir vanrækslu og ofbeldi gagnvart drengnum, virtist lítinn árangur hafa borið. Var þá lagt til að drengurinn yrði vistaður utan heimilis stefndu samkvæmt 27. gr. barnaverndarlaga. Stefnanda hafnaði tillögum um vistun drengsins utan heimilis og var málið lagt fyrir umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur. Kvað umdæmisráðið upp úrskurð 16. apríl 2025 þar sem kveðið var á um að drengurinn skyldi frá þeim degi að telja vistaður á heimili á vegum Barnaverndar Reykjavíkur í fjóra mánuði, sbr. b-lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga, og að Barnavernd Reykjavíkur hefði heimild til að gera kröfu fyrir dómi um að vistun drengsins stæði í tvo mánuði til viðbótar, sbr. 1. mgr. 28. gr. sömu laga. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 2025 var framangreindur úrskurður umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur staðfestur um að drengurinn skyldi vistaður á heimili á vegum barnaverndar í fjóra mánuði, auk þess sem þar var kveðið á um að drengurinn skyldi vistaður utan heimilis stefndu til 16. október 2025.
8. Hefur drengurinn verið vistaður utan heimilis frá 15. maí 2025 en stefnda haft við hann umgengni.
9. Samkvæmt meðferðaráætlun sem gerð var 8. maí 2025 skyldi stefnda undirgangast forsjárhæfnimat. Fól Barnavernd Reykjavíkur í kjölfar þess C sálfræðingi að gera forsjárhæfnimat á stefndu og liggur fyrir mat hans þar að lútandi, dags. 20. október 2025.
10. Í forsjárhæfnimati sálfræðingsins kemur fram að menningarlegir þættir og þættir tengdir tungumálum hafi sett forsjárhæfnimatinu ákveðnar takmarkanir. Þar sem stefnda tali hvorki reiprennandi íslensku né ensku

hafi tungumálaerfiðleikar flækt notkun sálfræðilegra prófa í hennar tilviki. Öll samtöl sálfræðingsins við stefndu hafi farið fram í gegnum túlk en vandmeðfarið sé að leggja sálfræðileg matstæki gegnum túlk þar sem blæbrigði nákvæms orðalags glattist gjarnan. Þá sé mikill menningarmunur á [...] og Íslandi, sem geri fyrirlið greindarþroskaprófa og persónuleikaprófa enn flóknari. Þannig hafi menningarlegir þættir og tungumálþættir gert það að verkum að ómögulegt hafi verið að leggja fyrir stefndu hefðbundin lengri sálfræðipróf eða greindarþroskapróf. Hafi sálfræðingurinn af þeim sökum valið að notast ekki við greindarpróf eða önnur lengri klínísk matstæki í viðtölum við stefndu heldur byggji hann niðurstöður sínar á klínískum viðtölum og fyrirbyggjandi gögnum. Telji hann engu að síður að niðurstöður sínar gefi „nokkuð afgerandi mynd“ af forsjárhæfni stefndu.

11. Í fyrirbyggjandi forsjárhæfnimati er persónulegum eiginleikum og högum stefndu lýst með þeim hætti að hún sé [...] ára gömul kona, fædd og uppalin á [...] en hafi flutt til Íslands fyrir [...] árum síðan. Hún starfi við [...], sé einhleyp og eigi einn son, þ.e. drenginn er mál þetta varðar. Hafi stefnda í viðtölum við sálfræðinginn komið fyrir sem sjálfhverf og með takmarkaða innsýn í eigin foreldrahæfni og þarfir sonar síns. Þá segir um tengsl stefndu og sonar hennar að þau hafi alla tíð búið tvö ein og séu fyrir vikið bundin þéttum tilfinningaböndum. Drengurinn þekki ekki annað en að búa hjá stefndu og elski hann hana heitt. Þá sé stefndu annst um son sinn og hafi líf hennar hverfst um hann. Skuli ekki efast um að hún geri sitt besta til að sinna honum. Á hinn bóginn þyki sjálfhverfa stefndu grafa undan tengslum þeirra og geri hún ekki nægjanlegan greinarmun á þörfum sínum og drengsins, auk þess að forgangsraða eigin líðan á kostnað drengsins. Hafi hún ekki sinnt vernd og öryggi drengsins nægilega vel heldur gerst uppvís að því að beita drenginn harðræði og þannig grafið undan öryggi hans og vernd. Sýni stefnda takmarkaða innsýn í líðan og þarfir drengsins sem ekki fáist skýrð með menningarmun þegar komi að því hvernig refsingar séu séðar í barnauppleði. Að því er varði líkamlega umönnun og atlæti vanti ekkert upp á, eftir því sem næst verði komist, en á hinn bóginn hafi stefnda sýnt sérstaklega slaka hæfni á sviði örvunar, hvatningar og stuðnings. Hún hafi fengið handleiðslu fagaðila varðandi viðurkenndar uppeldisaðferðir en í viðtölum við sálfræðinginn hafi hún sýnt slaka hæfni í að skilja hvernig heppilegt sé að hvetja og efla drenginn til dáða. Jafnframt sé sjálfhverfa stefndu í skýringum á hegðun og þörfum drengsins beinlínis skaðleg og virðist hún telja þarfir sínar vera þarfir drengsins og eigi hún það til að leggja meiri áherslu á sínar eigin þarfir en hans. Að því er varðar fyrirmynd og góða siði kemur fram að stefnda sé vinnusöm og hafi alla tíð séð fyrir sér og syni sínum, ásamt því að stunda nám samhliða vinnu. Þá sé hún löghlýðin og reglusöm og góð fyrirmynd varðandi það. Er komi að harðræði sem stefnda hafi beitt drenginn í gegnum tíðina halli þó óneitanlega á hana sem fyrirmynd.
12. Í forsjárhæfnimatinu kemur einnig fram varðandi styrkleika og veikleika stefndu í uppeldislegu tilliti að ekki skuli efast um að stefndu þyki vænt um son sinn og vilji mjög gjarnan vera til staðar fyrir hann, búa honum gott heimili og uppeldisskilyrði. Þá sé hún jafnframt vinnusöm, reglusöm og syninum góð fyrirmynd í þeim efnum. Á hinn bóginn séu veikleikar hennar margir í uppeldislegu tilliti. Hafi hegðun hennar gagnvart drengnum frá því hann var ungabarn vakið áhyggjur heilbrigðisstarfsfólks, kennara og barnaverndaryfirvalda vegna ofbeldis, refsinga og takmarkaðrar innsýnar í þarfir drengsins. Enn fremur hafi hún verið afar sjálfhverf í skýringum, virðist gera lítinn greinarmun á sínum þörfum og barnsins. Séu veikleikar hennar í uppeldislegu tilliti því veigameiri en styrkleikar. Þá segir varðandi tilfinningatengsl stefndu og sonar hennar að þau séu mikil og þyki þeim vænt um hvort annað en um leið séu tengslin einnig brothætt og veik vegna uppeldisaðferða stefndu þar sem líkamlegar refsingar og sjálfhverfa hennar leiki stórt hlutverk.
13. Samkvæmt því sem fram kemur í fyrirbyggjandi forsjárhæfnimati komu ekki fram á sjálfsmatslistum og í viðtölum merki um að stefnda glími við geðræn vandkvæði.
14. Það er mat sálfræðingsins er vann forsjárhæfnimatið að stefnda búi ekki yfir nauðsynlegri eða nægjanlegri hæfni til að fara með forsjá sonar síns og hafi sú aðstoð, sem hún hafi fengið, borið takmarkaðan árangur við að bæta úr ástandinu eða bæta innsýn hennar í áhrif uppeldisaðferða hennar á líðan drengsins. Ekki sé hægt að fullyrða að drengnum séu tryggð viðunandi uppeldisskilyrði í umsjá stefndu. Hafi reynslan sýnt að hegðun hans og líðan hafi verið ábótavant og að stefndu hafi reynst illfært að mæta þörfum hans. Af samtölum við stefndu verði ekki séð að orðið hafi grundvallarbreyting á viðhorfi hennar eða þekkingu sem

gefi ástæðu til hjartsýni um að annað verði uppi á teningnum í framtíðinni.

15. Í niðurlagi forsjarhæfnimatsins er tekið fram að það sé bæði vilji stefndu og drengsins að hann búi hjá henni. Mikilvægt sé að taka tillit til þess en um leið verði þó ekki hjá því litið að reynslan hafi sýnt að líðan og hegðun drengsins hafi jafnan versnað í umsjá stefndu og hafi skóli drengsins, er matinu var skilað í október 2025, nýlega lýst yfir áhyggjum af því að hegðun drengsins hafi versnað er liðið hafi á haustið, samhliða því að umgengni hans við stefndu hafi aukist. Þörf sé á langvarandi stöðugleika á heimili drengsins eigi hann að fá að þroskast og dafna eðlilega.

Matsbeiðni og helstu málsástæður stefndu varðandi kröfu um dómkvaðningu matsmanns

16. Í matsbeiðni stefndu er þess farið á leit að dómkvaddur verði einn sérfróður og óvilhallur matsmaður til þess að meta atriði tengd forsjarhæfni hennar, nánar tiltekið:
1. Forsjarhæfni matsbeiðanda og sérstaklega hvort hún sé augljóslega vanhæf til að fara með forsjá drengsins en í því sambandi sé m.a. horft til helstu persónueinkenna hennar, tilfinningaástands og tengslahæfni og jafnframt hvort matsbeiðandi teljist ófær um að sinna daglegri umönnun og uppeldi sonar síns með hliðsjón af aldri hans og þroska.
 2. Hvernig háttáð sé andlegri heilsu matsbeiðanda í dag og hvort líkleg sé [að hún] sé ófær um að annast drenginn vegna andlegrar vanheilsu eða geðsjúkdóma.
 3. Hver sé greindarfarsleg staða móður og hvort líklegt sé að móðir sé ófær um að annast drenginn vegna vankanta á greindarfarslegri stöðu.
 4. Hvernig háttáð sé tilfinningalegu sambandi og tengslum milli matsbeiðanda og drengsins og hver skilningur matsbeiðanda [sé] á þörfum drengsins.
 5. Hvort áfengis- og vímuefnaneysla sé vandamál í lífi matsbeiðanda sem líkleg sé til að valda drengnum alvarlegum skaða.
 6. Hvort þau stuðningsúrræði sem þegar hafi verið reynd hafi verið fullnægjandi og nægilega til þess fallin að bæta forsjarhæfni matsbeiðanda, sérstaklega með tilliti til uppruna matsbeiðanda, og hvort að fullvíst sé að matsbeiðandi sé ófær um að tileinka sér fullnægjandi uppeldisaðferðir njóti hún fullnægjandi menningarnæms stuðnings.
 7. Hvort fullvíst sé að líkamlegri og andlegri heilsu drengsins eða þroska hans sé hætta búin fari matsbeiðandi með forsjá hans eða hvort breytni matsbeiðanda sé líkleg til að valda drengnum alvarlegum skaða.
 8. Hvort önnur úrræði en forsjársvipting gætu komið að gagni til að tryggja velferð drengsins.
17. Stefnda vísar til þess að fyrirbyggjandi forsjarhæfnimats hafi verið aflað af hálfu stefnanda utan réttar áður en mál þetta hafi verið höfðað. Þar sé ekki um að ræða hlutlaust mat dómkvadds matsmanns, heldur mat sem einhliða hafi verið aflað af hálfu stefnanda. Greitt hafi verið fyrir matið af hálfu stefnanda og ekkert samráð haft við stefndu um gerð þess, matsspurningar o.s.frv. Þá hafi ekki verið haldinn matsfundur með lögmönnum til þess að fara yfir gerð matsins, hverja þyrfti að ræða við, hvaða gagna þyrfti að afla o.s.frv., eins og gert sé þegar um sé að ræða fullnægjandi matsvinnu hjá dómkvöddum matsmanni.
18. Stefnda telji fyrirbyggjandi forsjarhæfnimat vera ófullnægjandi og langt frá því að vera nægilegur grundvöllur til að ráðast í jafn íþyngjandi ráðstöfun og forsjársviptingu. Sé matið afar stutt miðað við sambærileg mót, einungis 19 blaðsíður, og þar að auki haldið margvíslegum göllum. Þannig sé það takmörkun á matinu, sem matsmaður bendi sjálfur á, að ómögulegt hafi verið að leggja hefðbundin lengri sálfræðipróf fyrir stefndu vegna menningar- og tungumálapátta og skorti á að matsmaður reki í einhverju raunverulegu máli hvaða áhrif það hafi á matsvinnuna. Dragi stefnda í efa að matsmanni sé unnt að draga jafn afgerandi ályktanir og birtist í matinu án þess að framkvæma próf sem þessi. Leiði þessi skortur á eðlilegri vinnu meðal annars til þess að matsmaður segi að ekki sé unnt að meta greindarþroska stefndu en leyfi sér samt að gefa í skyn að fyrir hendi kunni að vera greindarþroskaskerðing hjá henni. Vanti alfarið upp á að matsmaður geti fært nokkur rök fyrir slíkum fullyrðingum og dragi þetta úr trúverðugleika matsgerðarinnar í heild sinni.
19. Þá sé ýmislegt einkennilegt við niðurstöður matsmannsins. Komist hann t.d. að þeirri niðurstöðu að stefnda

sé ekki líkleg til að nýta sér frekari fræðslu eða meðferð, að ekki hafi orðið grundvallarbreyting á viðhorfi hennar og að reynslan hafi sýnt að líðan og hegðun drengsins hafi jafnan versnað í umsjá stefndu. Þótt stefnda hafi vissulega verið treg til að samþykka tiltekin úrræði og stundum haft á orði að hún tryði ekki á nytsemi tiltekinna uppeldisaðferða sé ekki þar með sagt að hún hafi ekki nýtt sér fræðslu og meðferð eða að viðhorf hennar séu alfarið óbreytt. Vísi stefnda í þessu sambandi til þess að sálfræðingur hennar hafi gefið til kynna að viðhorf stefndu til annarra uppeldisaðferða séu tvíræð en að með góðum menningarnæmum aðferðum mætti styðja hana til betri vegar. Þá liggi fyrir að stefnda hafi meðal annars ítrekað samþykkt ýmis úrræði samkvæmt meðferðaráætlunum og tileinkað sér tilteknar breytingar, eins og brottfall líkamlegra refsinga. Jafnframt vísi stefnda því alfarið á bug að hegðun drengsins hafi jafnan versnað í umsjá hennar. Drengurinn hafi alltaf verið í umsjá stefndu í gegnum árin og hafi hegðun hans verið misjöfn og þörfin fyrir inn grip barnaverndar nokkuð greinilega verið mismikil. Sé það víðs fjarri að hegðun drengsins hafi jafnan versnað þótt henni hafi á einhverjum tíma eflaust verið ábótavant í umsjá stefndu. Dragi matsmaður alfarið án rökstuðnings sambærilegar ályktanir og barnavernd af upplýsingum frá skóla drengsins um versnandi hegðun drengsins haustið 2025, þ.e. að sú hegðun sé afleiðing af aukinni umgengni við stefndu.

20. Einnig geri stefnda sérstakar athugasemdir við umfjöllun í forsjárhæfnimati um fund stefndu og drengsins með matsmanni. Þar geri matsmaður sér mikinn mat úr athugasemd sem stefnda hafi viðhaft um að drengurinn væri ekki flinkur með „Rubiks-kubb“ en í sömu andrá geri hann, að því er virðist, lítið úr því að stefnda hrósi drengnum fyrir að vera góður í skák. Sé það upplifun stefndu af matsmanni og barnavernd að þetta sé dæmigert og að allar aðstæður séu túlkaðar gegn henni á versta veg.
21. Nauðsynlegt sé að fá í málið ítarlegra mat dómkvadds matsmanns svo að niðurstaða um jafn veigamikil atriði og forsjárhæfni og forsjársviptingu byggi á fullnægjandi grunni.

Helstu málsástæður stefnanda fyrir því að hafna skuli kröfu stefndu um dómkvaðningu matsmanns

22. Stefnandi byggir á því að óþarft sé að dómkveðja matsmann til öflunar nýrrar matsgerðar og vísar í því sambandi bæði til fyrirliggjandi matsgerðar, dags. 20. október 2025, og annarra gagna í málinu um stöðu og hagi stefndu og uppeldisskilyrði sonar hennar hjá henni. Við meðferð barnaverndarmála sé stefnandi bundinn hvort tveggja af reglum stjórnsluréttar og ákvæðum barnaverndarlaga þar sem mælt sé fyrir um rannsóknarskyldu stefnanda, sbr. 41. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Telji stefnandi að málið hafi verið rannsakað með fullnægjandi hætti og í samræmi við kröfur nefndra ákvæða, meðal annars með öflun mats um forsjárhæfni stefndu án þess þó að slíkt sé nauðsynlegt í öllum málum af þessum toga til þess að mál geti talist fullrannsakað hjá barnaverndaryfirvöldum.
23. Þá verði ekki annað séð en að efnislegt inntak matsspurninga í matsbeiðni stefndu sé það sama og svarað hafi verið í fyrirliggjandi matsgerð ef frá er talið að bætt hafi verið við spurningum varðandi það hvort stefnda eigi við áfengis- og vímuefnavanda að etja og varðandi menningarnæmi. Enginn grunur sé um að stefnda eigi við áfengis- og/eða vímuefnavanda að etja og því telji stefnandi ekki ástæðu til sönnunarfærslu um það atriði. Að því er varði menningarnæmi sé í fyrirliggjandi matsgerð vikið að menningarmun milli Íslands og [...], þaðan sem stefnda komi, og megi ljóst vera að menningarnæmi hafi komið til skoðunar við vinnslu matsins. Þá séu í spurningum í framlagðri matsbeiðni notuð hugtök til áherslu, eins og hvort fullvíst sé að stefnda sé ófær um að tileinka sér fullnægjandi uppeldisaðferðir og hvort fullvíst sé að líkamlegri og andlegri heilsu og þroska sonar stefndu sé hætta búin hjá henni, sem og hvort stefnda sé augljóslega vanhæf til að fara með forsjá sonar síns. Þessi framsetning spurninga lýsi ákveðnum stigsmun frá þeim spurningum sem settar hafi verið fram við öflun forsjárhæfnimats á stjórnslustigi en spurningarnar lúti í reynd að sömu matsatriðum.
24. Einnig sé til þess líta að fyrirliggjandi matsgerð sé mjög nýleg og hafi aðeins liðið tveir mánuðir frá því hún lá fyrir þar til mál þetta hafi verið höfðað. Muni það koma í hlut fjölskipaðs dóms sem búi yfir sérþekkingu í barnaverndarmálum að leggja mat á þau gögn sem fyrir liggi í málinu, þ.m.t. fyrirliggjandi forsjárhæfnimat. Málið sæti flýtimeðferð samkvæmt 53. gr. b í barnaverndarlögum og í máli sem þessu vegist á meginreglur um flýtimeðferð annars vegar og hins vegar um rétt aðila til öflunar sönnunargagna.

Ljóst sé að verði fallist á beiðni stefndu um dómkvæðningu matsmanns muni verða talsverð töf á að niðurstaða fái st í málið en börn hafi stórfellda hagsmuni af því að mál sem þetta dragist ekki að óþörfu á langinn án lögmæts eða sýnilegs tilgangs.

25. Að því er varði athugasemdir stefndu við fyrirliggjandi forsjárhæfnimat og það að sálfræðingur sá sem framkvæmdi matið hafi talið að hefðbundin próf á greindarþroska stefndu væru ekki marktæk vegna tungumála- og menningarþátta telji stefnandi ljóst að sálfræðingurinn hafi engu að síður reynt að meta greindarfarslega stöðu stefndu út frá eigin reynslu og menntun, sem og gögnum og fundum sínum með stefndu. Af hálfu stefnanda sé efast um að úr þessu atriði verði bætt með aðstoð túlks, enda hafi stefnda notið aðstoðar túlks við forsjárhæfnimatið, auk þess sem stefnandi hafi efasemdir um að annar sálfræðingur geti gert betur varðandi þetta.
26. Þá telur stefnandi fyrirliggjandi forsjárhæfnimat vera afdráttarlaust þótt það sé efnislega ekki langt og sé ekkert sem bendi til annars en að það hafi verið faglega unnið. Niðurstöður í máli sem þessu byggist á heildstæðu mati á gögnum máls og aðstæðum og því geti verið eðlilegt að dregnar séu ályktanir út frá gögnum án óyggjandi sannana. Stefnandi bendir jafnframt á að stefnda, sem notið hafi aðstoðar lögmanns, hafi verið andlag fyrirliggjandi forsjárhæfnimats og hafi matsvinna ekki getað farið fram nema með þátttöku hennar. Þá feli athugasemdir stefndu í sér að hún sé einfaldlega ósammála staðhæfingum sálfræðingsins um upplifun hans af kynnum sínum af stefndu. Bendir stefnandi loks á að til standi að sálfræðingur sá sem vann fyrirliggjandi forsjárhæfnimat komi fyrir dóminn sem vitni og gefist þá kostur á að leggja fyrir hann spurningar og fá svör til fyllingar mati hans.

Niðurstaða:

27. Stefnda krefst þess í þessum þætti málsins að dómkvæddur verði einn sérfróður og óvilhallur matsmaður til að meta atriði tengd forsjárhæfni hennar. Telur stefnda mat það sem aflað hafi verið af hálfu stefnanda utan réttar áður en mál þetta var höfðað vera ófullnægjandi og ekki nægilegan grundvöll fyrir forsjársviptingu. Því sé nauðsynlegt að afla ítarlegra mats dómkvædds matsmanns til að niðurstaða málsins geti byggt á fullnægjandi gögnum. Stefnandi á hinn bóginn telur umbeðið mat vera óþarft til sönnunar í málinu þar sem fyrir liggi mjög nýlegt forsjárhæfnimat á stefndu með afdráttarlausum niðurstöðum, auk þess sem fyrir liggi fjöldi annarra gagna um stöðu og hagi stefndu og uppeldisskilyrði drengsins hjá henni.
28. Ákvæði X. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 gilda um málsmeðferð fyrir dómi vegna kröfu um forsjársviptingu samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laganna, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Í 53. gr. barnaverndarlaga, sem er að finna í X. kafla þeirra, segir að ákvæði laga um meðferð einkamála gildi um málsmeðferðina með þeim frávikum sem í lögnum greini. Þá er í 2. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga kveðið á um að dómari geti lagt fyrir barnaverndarþjónustu að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Jafnframt getur dómari lagt fyrir foreldra eða fósturforeldra að afla nánar tilgreindra gagna.
29. Því hefur margsinnis verið slegið föstu í dómaframkvæmd að aðilar eigi, samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, rétt á að afla þeirra sönnunargagna sem þeir telja málstað sínum til framdráttar. Almennt er það hvorki á valdi gagnaðila né dómstóla að takmarka þann rétt. Af þeim sökum ber dómara jafnan að verða við beiðni málsaðila um að dómkveðja matsmann. Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 getur dómari á hinn bóginn meinað aðila um sönnunarfærslu ef hann telur bersýnilegt að atriði sem aðili vill sanna skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar. Ekki er mælt fyrir um nein frávik frá þessum almennu ákvæðum laga um meðferð einkamála í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Þó er til þess að líta að mál af þessum toga sæta lögbundinni flýtimeðferð, en það getur óhjákvæmilega haft áhrif á gagnaöflun aðila, þótt það haggi ekki framangreindri meginreglu.
30. Þegar ákvarðanir eru teknar um málefni barns skal það ávallt hafa forgang sem barni er fyrir bestu, sbr. meginreglu 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003. Til að unnt sé að leggja mat á hvað barni sé fyrir bestu, við töku svo mikilvægrar ákvörðunar um málefni barns sem ákvörðun um að svipta foreldri forsjá þess er, er brýnt að fyrir liggi eins greinargóðar upplýsingar og kostur er á um öll þau atriði sem skipt geta máli við ákvörðunartökuna.
31. Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga ber barnaverndarþjónustu að sjá til þess að mál sé nægjanlega

upplýst áður en mál er höfðað til sviptingar forsjár samkvæmt 29. gr. laganna. Aflar því gjarnan barnaverndarþjónusta mats á forsjárhæfni áður en mál er höfðað til forsjárviptingar. Í dómafrákvæmd varðandi mál af þessum toga hefur beiðni um dómkvaðningu matsmanns oft verið hafnað með vísan til þess að þegar liggi fyrir nýleg álitserð sálfræðings um forsjárhæfni sem barnaverndaryfirvöld hafi aflað fyrir málshöfðun og að ekki verði séð að aðstæður aðila hafi breyst. Hefur í þeim tilvikum meðal annars gjarnan verið vísað til þess að niðurstöður slíkrar álitserðar hafi grundvallast á fjölþættum prófum og rannsóknnum á heilsu, stöðu og högum aðila, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 6. apríl 2016 í máli nr. 201/2016 og úrskurð Landsréttar frá 20. febrúar 2026 í máli nr. 107/2026.

32. Í máli þessu liggur fyrir að fyrir málshöfðun aflaði stefnandi, til samræmis við fyrrgreinda 1. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga, mats C sálfræðings á forsjárhæfni stefndu. Var það niðurstaða hans að stefnda byggji ekki yfir nauðsynlegri eða nægjanlegri hæfni til að fara með forsjá sonar síns og að sú aðstoð sem hún hafi fengið hafi borið takmarkaðan árangur við að bæta úr ástandinu eða bæta innsýn hennar í áhrif uppeldisáferða hennar á líðan drengsins. Í sérfræðimati sálfræðingsins kemur fram að ekki hafi reynst unnt að leggja hefðbundin lengri sálfræðipróf eða greindarþroskapróf fyrir stefndu vegna menningarlegra þátta og tungumálaörðugleika en sálfræðingurinn telji engu að síður að niðurstöður sínar gefi „nokkuð afgerandi mynd“ af forsjárhæfni stefndu.
33. Að framangreindu virtu og í ljósi þess hvernig mál þetta er vaxið verður að mati dómsins ekki fullyrnt að öflun umbeðins mats sé bersýnilega tilgangslaust til sönnunar í málinu þrátt fyrir að þegar liggi fyrir nýlegt mat C á forsjárhæfni stefndu, sem stefnandi aflaði fyrir höfðun málsins. Breytir ekki þessari ályktun þótt í matsbeiðni stefndu sé í meginatriðum óskað álitserðar um sömu atriði og fjallað er um í fyrirbyggjandi forsjárhæfnimati C, sbr. úrskurð Landsréttar frá 21. febrúar 2023 í máli nr. 76/2023. Þá hagar það ekki þessari niðurstöðu þótt dómurinn muni verða skipaður sérfróðum meðdómsmanni í samræmi við 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga þegar til aðalmeðferðar kemur og þótt aðilum gefist þá tækifæri til að leiða vitni og geti flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið, sbr. 57. gr. laganna. Þá verður ekki séð að neinar aðkallandi aðstæður séu fyrir hendi varðandi vistun sonar stefndu utan heimilis sem leiði til þess að úrlausn málsins þoli ekki þá bið sem hlýst af því að umbeðinnar matsgerðar verði aflað. Með vísan til framangreinds, þeirra mikilsverðu hagsmuna sem málið varðar og hversu viðurhlutamikið og íþyngjandi úrræði dómkröfur stefnanda varða þykir rétt að fallast á beiðni stefndu um dómkvaðningu matsmanns.
34. Þennan þátt málsins fluttu lögmenirnir Björn Atli Davíðsson af hálfu stefnanda og Jón Sigurðsson af hálfu stefnda.
35. Stefanía G. Sæmundsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Fallist er á beiðni stefndu, A, um að dómkvaddur verði matsmaður til að láta í té skriflegt og rökstutt álit um þau atriði sem greinir í matsbeiðni, dags. 24. febrúar 2026.